



Þátttakendur í degi um fórnarlömb umferðarslysa

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 1. desember 2020
Tilv.: SRN20050046/3.14.0

Kæru þátttakendur í minningardegi um fórnarlömb umferðarslysa,

þetta ár hefur verið engu öðru líkt. Við höfum tekist á við heimsfaraldur og afleiðingar hans með samstöðu í fyrirrúmi. Þjóðin hefur lagað sig með aðdáunarverðum hætti að breyttum aðstæðum og samkomutakmörkunum.

Alþjóðlegur minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa er haldinn árlega, þriðja sunnudag í nóvember, til þess að heiðra minningu allra þeirra sem hafa láttist í umferðarslysum. Minningu um fólk sem er kippt úr lífi okkar fyrirvaralaust eða býr við afleiðingar þess alla ævi.

Miningardagurinn í ár ber þess merki að aðstæður eru breyttar. Aldrei kom þó til greina að fresta eða aflýsa atburðum heldur var fyrirkomulag dagsins sniðið að sérstökum aðstæðum. Í stað fjölmennra athafna voru margir minni og táknrænir minningarviðburðir haldnir um land allt land og sendir út í beinu vefstreymi. Hið fallega lag KK, When I Think of Angels, í flutningi hans og Ellenar systur hans var einkennislag dagsins og var spilað samtímis á öllum útværpsstöðvum. Þá fjölluðu fjölmíðlar um mikilvæg málefni tengd umferðaröryggi í fjölmíðlum og myndböndum dreift á samfélagsmiðlum og á vef minningardagsins – www.minningardagur.is.

Mest um vert var að fólk um land allt fékk tækifæri til að minnast ástvina sem láttist hafa í umferðarslysum. Þetta er mikilvæg hefð en hinn alþjóðlegi minningardagur var nú haldinn í ellefta sinn á Íslandi.

Fyrir hönd ráðuneytisins færí ég ykkur öllum hjartans þakkir fyrir mikilvægt framlag ykkar við skipulagningu minningardagsins í ár og þátttöku í honum.

Ég færí viðbragðsaðilum sérstakar þakkir fyrir ómetanlegt starf að bjarga og líkna slösuðum og látnum við erfiðar aðstæður og oft óbærilegar aðstæður á slysstað. Þið eruð góðar fyrirmynndir. Starf ykkar skiptir okkur öll miklu máli.

Við eignum aldrei að þurfa að sætta okkur við slys og við munum áfram gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir þau. Við þurfum að standa saman um það markmið að útrýma banaslysum. Við erum lítið samfélag og getum því náð miklum árangri.

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson orðaði þetta vel í myndbandskveðju sinni í tilefni af minningardeginum: „Við erum öll almannavarnir – líka í umferðinni.“

Gerum þessi orð forseta Íslands að okkar.



Sigurður Ingjaldur Ingi Jóhannsson